



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



Fimmtudagur

9. ágúst 2012
32. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Bátur mánaðarins
aðeins

419 kr.



Opið
virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22



Endurbyggir Rómarborg

„Það vantar ekki mörg ár upp á það að ferða-
þjónustan verði stolt okkar Vestfirðinga,“ segir
Elías Guðmundsson, athafnamaður á Suðureyri.
Auk þess að reka þar öflugt ferðaþjónustu-
fyrirtæki undir merkjum Fisherman vinnur
hann nú að því að endurbyggja heila götu í þorp-
inu. Hann segir frá því ævintýri og mörgum
öðrum á miðopnu í dag.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi



Gleði á skógarbrennu

Sumarhúsaeygendur í Tunguskógi í Skutulsfirði héldu sína árlegu skógarhátíð á laugardag. Kveikt var upp í árlegu brennu þar sem er sungið, spiluð tónlist, skrafað og skemmt sér. „Þetta heppnaðist eins og best gat orðið. Það var fullt af fólki og allir glaðir og ánægðir. Og svo var veðrið eins og best verður á kos-

ið,“ segir Marzellíus Sveinbjörns-son, skógarbúi og brennustjóri. Við brennuna var lagið tekið við undirspil Baldur Geirmundssonar á harmónikkju. Honum til liðsinnis voru tvær söngkonur sem áður voru hinn helmingurinn í frægu tvíeyki með BG, þær Ingi-björg Guðmundsdóttir og Margrét Geirsdóttir, ásamt fleirum

góðum sem þöndu raddböndin.

Hátíðin hefur verið haldin á laugardegi um verslunarmanna-helgina í mörg ár, sennilega frá því að bústaðarbyggðin byrjaði í skóginum. „Maður sér oft sömu andlitin ár eftir ár en þarna er saman komið fólkið í skóginum og góðir gestir þeirra,“ Marzellíus. – *thelma@bb.is*



Ráðist á sjúkraflutningamann

Sjúkraflutningamaður hjá slökkviliði Ísafjarðarbæjar varð fyrir fólkskulegri árás aðfaranótt laugardags, þegar hann var við skyldustörf. Sjúkraflutningamaðurinn var sleginn í andlitið af gesti tjaldsvæðisins í Tunguskógi, en þeir voru þá inni í sjúkrahúsi. Maðurinn hafði legið í götunni, að er virtist slasaður, og komu sjúkraflutningamenn honum upp í bíl. Við það brást maðurinn ókvæða við og sló sjúkraflutningamanninn í andlitið með þeim afleiðingum að gleraugu hans brotnuðu.

Maðurinn hefur verið kærður fyrir líkamsárás og er málið í rannsókn hjá lögreglu. Að sögn slökkviliðsstjóra var talsvert um þústra á svæðinu og höfðu sjúkraflutningamenn í nógu að snúast.

Eldar loguðu í Tunguskógi

Litlu mátti muna að varðeldur sem var kveiktur í Tunguskógi færi úr böndunum aðfaranótt sunnudags. Enginn hafði eftirlit með varðeldinum sem var orðið nokkuð mikill þegar lögreglumenn áttu leið fram hjá svæðinu. Þegar þeim tókst ekki að slökkva eldinn var slökkviliðið ræst út.

Lögreglan á Ísafirði segir að lögreglumennirnir hafi í fyrstu reynt að slökkva eldinn með handslökkvitækjum. Það hafi hins vegar ekki gengið og því hafi verið óskað eftir aðstoð slökkviliðsins. Atvikið átti sér stað um kl. fjögur um nóttina.

Fjöldmenni gisti á tjaldsvæðinu

og bústaðir eru í nágrenninu. Lögreglan segir að enginn hafi verið við eldinn þegar lögreglu bar að garði. Það liggur því enginn sérstakur undir grun um að hafa kveikt hann. Lögreglan gerir aðfinnslur við það að svo virðist sem tjaldsvæðið hafi verið án eftirlits um nóttina því þetta var

ekki eini eldurinn sem slökkvilið og lögreglan urðu að slökkva í skóginum í Tungudal. Hinir eldarnir voru þó minniháttar, en víða var búið að breyta ferðagrillum í varðelda við tjöld á svæðinu.

Þá segir lögreglan, að sem betur fer hafi verið logn því allur gróður sé afar þurr.

Lognið kom í veg fyrir að ekki fór verr

„Það er algerlega bannað að hafa opin eldstæði nema með leyfi slökkviliðsins, sem fæst hjá sýslumanni. Svona eldar geta verið stórhættulegir,“ segir Þorbjörn Jóhann Sveinsson slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar, en slökkviliðið slökkti varðeld í Tunguskógi á Ísafirði aðfaranótt laugardagsins eins og fram hefur



komið á Bæjarins besta.

Að sögn Þorbjarnar gekk erfiðlega að komast að eldinum vegna

margmennis. „Það er alltaf erfitt að komast að eldi þegar að mikið margmenni er í kring. Það gekk þó á endanum,“ segir Þorbjörn sem vildi þó ekki meina að fólk hafi reynt að hindra aðgengi slökkviliðs að eldinum. Enginn var við eldinn þegar slökkvilið og lögreglu bar að garði.

Þorbjörn telur að milt veður

og lognið sem var í Tunguskógi hafi komi í veg fyrir að ekki fór verr. „Lognið bjargar því að eldurinn fari ekki yfir í skógin. Ef vindur hefði blásið hefði mikið tjón geta orðið.“ Málið er nú rannsókn hjá lögreglu, en sem fyrr segir er bannað að kveikja opin eld nema með leyfi frá sýslumanni. – *gudmundur@bb.is*



Ertu spýtukarl?

Aumir og stífir vöðvar?

Voltaren gel er verkjastillandi og bólgueyðandi hlaup við verkjum í mjóðaki, öxlum og vöðvum.

Voltaren 

NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR



LESA SKAL VANDLEGA LEIÐBEININGAR Á UMBÚÐUM OG FYLGISEÐLI.

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Samantekt á eiginleikum lyfs – stytur texti SPC. Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvítylamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi (sem jafngildir magni á stærð við kísuber til valhnetu) er borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meidli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafid samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir díklófenaki eða einhverju hjálparefnanna. Ofnæmi fyrir asetýlsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gígarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gígarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Á síðustu þremur mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglungum 14 ára og yngri. Meðganga og brjóstgjöf: Ef þú ert barnshafandi máttu eingöngu nota Voltaren í samráði við lækni. Þú skalt nota eins litla skammta og hægt er og nota Voltaren í eins skammta tíma og mögulegt er. Þú mátt ekki nota Voltaren á síðustu þremur mánuðum meðgöngunnar. Ef þú ert með barn á brjósti máttu eingöngu nota Voltaren í samráði við lækni. Konur með barn á brjósti mega hvorki bera Voltaren á brjóstin né á stór húðsvæði og eiga að nota lyfið í eins skammta tíma og mögulegt er. Aukaverkanir: Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$): Útbrot, exem, hörundsroði, húðbólga (þ.m.t. snertiofnæmi), kláði. Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$): Brunatilfinning á meðferðarstað, roði, punktblæðingar í húð, ofnæmishúðbólga. Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$): Blöðruhúðbólga. Koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$): Útbrot með graftarnöbbum, ofnæmi (þ.m.t. ofsakláði), ofnæmisbjúgur, berkjukrampi, astmi, þurrkur, ljósnæmi. Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að ákvarða tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum): Bráðaofnæmisviðbrögð. Við langvarandi notkun (>3 vikur) og/eda þegar verið er að meðhöndla stór húðsvæði geta komið fram almennar aukaverkanir. Einkenni eins og kvíðverkir, meltingartruflanir og truflanir á maga og nýrnastarfsemi geta komið fram. Ofskömmtun: Ef of stór skammtur af Voltaren hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími: 543-2222). Hafðu umbúðir lyfsins við höndina. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun.



Í skýjunum með brennuna og fjörusönginn

Fjölmeni sótti fjörusöng og brennu sem fór fram á Suðurtanga á Ísafirði á laugardag. Viðburðurinn var haldinn í tengslum við Evrópumeistaramótið í mýrabolta sem fór fram í Tungudal.

„Við erum alveg í skýjunum með það hvernig til tókst,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson drullusokkur mýraboltans. „Þarna var mikið fjölmenni saman komið, brennan ofboðslega falleg og brennustæðið flott.“

Fjörusöngnum stýrðu nafnarn-

ir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri með meiru, og Guðmundur Steingrímsson þingmaður með aðstoð Hjalta Þórarinsyni. Hljómsveitirnar Vintage Caravan og Dikta spiluðu svo fyrir brennugesti og haldin var flugeldasýning. „Svo var gaman

að sjá að eftir að tónleikum lauk sat þó nokkuð af fólki áfram við fjöruna og horfði á eldinn í

yndislegu veðri. Allir voru bara glaðir og virtust skemmta sér vel.“

– *thelma@bb.is*



Níræður

Sigurður Gíslason frá Hóli í Bolungarvík verður 90 ára sunnudaginn 12. ágúst. Haldið verður upp á efmælið laugardaginn 11. ágúst frá kl. 17-23 í félagsheimilinu í Bolungarvík.

Afmælisgjafir eru afþakkaðar. Lionsfélagar selja smíðisgripi eftir Sigurð, sem rennur óskipt til líknarsjóðs Lionsklúbbs Bolungarvíkur og í samskotabauk merktan Lions.



Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 9. - 12. ágúst

samkaupurval.is



40% afsláttur

verð áður 1.298 kr

779 kr/kg

Grill grísabógsneiðar
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



30% afsláttur

verð áður 2.398 kr

1.679 kr/kg

Nautagúllas



Ódýrt

verð áður 699 kr

559 kr/pk

BBQ kartöflur 600g
frá Coop



35% afsláttur

verð áður 459 kr

298 kr/pk

Hindber 300g
frosin, frá Coop



50% afsláttur

verð áður 549 kr

275 kr/stk

Nýbakað tómatbrauð
frá Myllunni

Mexíkóskur hamborgari
með jalapeñopipar, chili,
tómötum og sýrðum
rjóma
...sjá uppskrift á
samkaupurval.is



32% afsláttur

verð áður 1.595 kr

Nautahakk 1.085 kr/kg

úr kjötborði eða pakkað ferskt



50% afsláttur

verð áður 349 kr

Ánanas 175 kr/kg



Indverskur hafragrautur
með kanil, engiferi, möndlum,
og kókosmjólk
...sjá uppskrift

Ódýrt

verð áður 279 kr

Haframjöl 1kg 209 kr/pk

frá Coop

Fjölmennasta kajakferð á Íslandi

„Þetta er líklegasta fjölmennasta leigufærð sem farin hefur verið á kajökum á Íslandi,“ segir Halldór Halldórsson einn eigenda Ögur Travel, en ferðapjónustan fór með 28 einstaklinga á kajak frá Ögri inn að eyjunni Vigur í Ísafjarðardjúpi á dögnum. Auk þeirra voru sex leiðbeinendur með í ferðinni, þar af nokkrir á vegum KayakCenter á Ísafirði. Allt í allt réru því þrjátíu og fjórir og er óhætt að fullyrða að fjöl-

Vel horfir með berjasprettu

„Það er útlit fyrir mjög góða berjasprettu um Suðurland, Vesturland, Vestfirði og Strandir,“ segir Þorvaldur Pálmason í samtali við mbl.is er hann er einn aðstandanda hópsins Berjavinir á Facebook og vefsíðunnar berjavinir.com.

Berjaáhugafólk víða að af landinu hefur skráð þar at- hugar sínar á berjasprettu.

Jafnframt minnti Þorvaldur á bláberjahátíðina Bláberjadaga sem verður haldin í Súðavík 24.-26. ágúst og er það annað árið í röð sem hátíðin er haldin. „Þar verður fin dagskrá og það er áhugavert að sækja Súðavík heim. Þar eru bláber bæði í brekkunni fyrir ofan og inn um allt Djúp.“



Hópurinn kemur að landi í Vigur.

mennari ferð sé vandfundin. Í ferðinni voru bandarískir Crossfit kappar sem ferðast hafa um Vestfirði undanfarna daga. Að sögn Halldórs gekk ferðin vel, þó hart hafi verið í sjóinn á leiðinni til baka.

„Við fórum í land í Vigur og gengum um eyjuna með fólkinu, fræddum þau um staðinn og

sögðum sögur. Síðan fórum við í kaffi hjá húsráðendum og fengum heimabakað með kaffinu. Á leiðinni til baka úr Vigur voru öldurnar skemmtilegri og fengu kapparnir aðeins að kenna á ægivaldi hafsins,“ segir Halldór, sem segir að nokkrum hafi þótt nóg um. „Þau kynntust því hvernig er að takast á við náttúruöflin og

fannst það vera smátt, en við höfum svo sem séð það svartara,“ segir Halldór og hlær, bætir því við að engin hætta hafi verið á ferðum.

Ögur Travel var stofnað á síðasta ári, en í ár hefur ferðapjónustan tekið kaffihús í notkun í Ögri. Að sögn Halldórs hefur reksturinn gengið vel. „Þetta hef-

ur gengið mjög vel hjá okkur og við reiknum með að vera búin að selja meira af lengri ferðum fyrir næsta sumar. Við förum í þriggja og fimm daga ferðir í sumar, sem og ferðir þar sem gist er í eina nótt. Þetta er allt saman mjög vinsælt,“ segir Halldór, sem segir að bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn sækji í þjónustuna.

Spurningin

Fylgist þú með ólympíuleikunum í London?

Alls svöruðu 522.

Já sögðu 395 eða 76%

Nei sögðu 127 eða 24%

Netspurningin er birt viku-lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt, 5-13 m/s og rigning eða súld, skýjað með köflum eða bjartviðri norðan- og austanlands. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Suðlæg átt, 5-13 m/s og rigning eða súld, skýjað með köflum eða bjartviðri norðan- og austanlands. Hiti breytist lítið. **Horfur á sunnudag:** Suðaustlæg átt. Rigning um tíma sunn-an og vestanlands, en annars þurr. Áfram hlýtt.

Ritstjórnargrein

Ólympíska boðflennan

Hann hét D. Mac Naughton, kanadískur stúdent, sem um síðir sá hann eina möguleika til að komast á Ólympíuleikana í Los Angeles 1932, að keppa í hástökki fyrir land sitt. Íþrótaferill hans var honum ekki til framdráttar. Langvinnu stappi Naughton og Íþróttasambands Kanada, einhverjum tugum bréfa hans sem ávalt fóru beint í ruslaskörfuna, lyktaði með því að stjórnendur sambandsins gáfust upp. Með öðrum hætti losnuðu þeir ekki við óværuna, sem þeim þótti Naughton vera. Þeim að skaðlausu mætti hann gera sig að athlægi á leikunum. Sögunlok: Mac Naughton keppti í hástökki, kom, sá og sigraði.

Hefur einhver tölu á samþykktum vestfirskra sveitastjórna, Fjórðungsambands Vestfirðinga og annarra aðila sem hafa látið sig varða ástand raforkumála í fjórðungnum, sem hafa rykfalið og gulnað í skrifborðsskúffum þeirra aðila, sem með opinberum hætti ráðgast með þessi mál?

Er með öllu gleymd og grafin yfirlýsing fyrrum iðnaðarráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, um að Vestfirðingar byggju við þriðja flokks raforkukerfi, ástand sem hvorki væru stjórnvöldum né orku-fyrirtækjum til sóma?

Margsinnis hefur verið bent á hvaða lyftistöng virkjun Hvalár í Ófeigsfirði á Stöndum gæti verið Vestfirðingum. Nokkrar vonir

kviknuðu því þegar sérfræðingahópur um gerð rammaáætlunar um virkjunarkosti setti Hvalárvirkjun í svokallaðan nýtingarflokk. Í stuttu máli: nýtingarstimpillinn er það eina jákvæða sem gerst hefur í málinu! Öllu öðru, sem á einn eða annan veg lýtur að undirbúningi virkjunarinnar, hefur verið slegið á frest. Í þessu, sem öðru, eru Vestfirðir utan hringvegarins. Á lausn á orkuvanda Vestfirðinga með öðrum hætti en Hvalárvirkjun örlar ekki.

Sýnilegt er af þeirri stöðu sem uppi er, að Vestfirðingum er ætlað að búa við þriðjaflokks raforkukerfi um ófyrirsjáanlega framtíð. Yfirlýsing forstjóra Landsnets um að bygging spennistöðvar í Bolungarvík og díselrafstöð sé partur langtímahugsunar Landsnetsmanna til lausnar á orkuvanda Vestfirðinga var heldur óskemmtilegt innlegg, en sem betur fer í ósamræmi við niðurstöðu starfshóps iðnaðarráðuneytisins, um lausn mála.

Kanadíski stúdentinn sigraði „kerfið“. Það verkefni bíður Vestfirðinga. Þungamiðjan er að gefast ekki upp; klifa æ ofan í æ á þingmönnum, ráðherrum og embættismönnum, þar til þeir sjá sér ekki aðra undankomuleið auðið en að verða við réttmætri kröfu Vestfirðinga um að búa við sama kost og aðrir landsmenn hvað raforku varðar.

— s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Silfurgötu 1, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Bláðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, gudmundur@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



279
KR. KG

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU



249
KR. 1 KG

BARILLA SPAGHETTI I KG.



349
KR. KG

NÝJAR ÍSLENSKAR RÓFUR Í LAUSU



Hunt's
198
KR. DS

HUNTS SPAGHETTISÓSUR 680 GR



298
KR. 500 GR

NÝJAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR 500 GR POKI



898
KR. 1 KG.

FROSIN GRÆNMETISBUFF I KG



1295
KR. KG

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT



998
KR. 800 GR **100% KJÖT**

SLÁTURFÉLAGIÐ FROSIÐ NAUTGRIPAHAKK 800 GR



2798
KR. KG

FROSINN LÚÐA FRÁ NOREGI



798
KR. 800 GR

BÓNUS FROSNIÐR ÝSUBITAR Í RASPI 800 GR



898
KR. KG

NF FROSINN SALTFIÐSKUR BEINHREINSADUR M.ROÐI

Fólkið hló að ferða- þjónustudraumunum

Eliás Guðmundsson hefur verið stórtækur í ferðaþjónustubrönsanum á síðastliðnum árum. Elli, eins og hann er kallaður, og fjölskylda hans hafa á síðasta rúma áratug byggt upp ferðaþjónustufyrirtæki sem teygir anga sína víða. Hann settist niður með blaðamanni við svignandi borð kræsinga á veitingastaðnum Talisman og sagði frá hobbíinu sem breyttist í atvinnu, martraðarkennu ári í Reykjavík og metnaðarfullri enduruppbyggingu á Suðureyri...

Aldrei aftur í borgina

Elli á rætur sínar að rekja í Súgandafjörðinn – að minnsta kosti er helmingur rótarkerfis ættartrésins sannanlega þaðan. „Ég er fæddur og uppalinn hér á Suðureyri og á ættir mínar hingað að rekja langt aftur í ættir mömmu megin. Föðurættin mín kemur hins vegar kemur úr Reykjavík. Þetta var svona svipað hjá pabba og svo konunni minni seinna; pabbi kom hingað í verbúð og fór ekkert aftur og konan mín, Jóhanna Þorvarðardóttir, kom hingað í heimsókn og fór ekkert aftur,“ segir hann frá og brosir.

„Ég hef nú samt aðeins prófað að fara út fyrir krummaskuðið. Ég kláraði til dæmis síðasta árið í grunnskóla í Reykjavík, í Hólabrekkuskóla. Það stóð eitthvað illa á með atvinnu hérna í þorpinu á þessum tíma og foreldrar mínir ákváðu að fara suður, svo ég fór með þeim. Það var nú ömurlegasta ár sem ég hef lifað og ég veit að ég ætla ekki í borgina aftur – ég er búinn með þann pakka. Við hjónin þjuggum hins vegar líka á Akureyri í tvö ár og það er staður sem ég gæti alveg plumað mig á. Mér leið vel þar. Jóhanna fór í háskólanám í hjúkrunarfræði þangað 2008 og ég fylgdi henni. Við vorum þar fyrstu tvö árin hennar í náminu en svo kláraði hún námið í fjarnámi héðan og útskrifaðist í vor,“ útskýrir hann.

Eftir þetta martraðarkennda unglingsár í Reykjavík lá leið Ella aftur heim á Suðureyri þar sem hann hellti sér í vinnu og tilheyrandi. „Þá tók við þetta klassíska líf í sjávarþorpi; að fara á sjóinn, beita og slægja, fyllerín og alltsaman! Ætli ég hafi ekki

líka verið að klára hvolpavitið og þann pakka,“ segir hann og brosir við.

Um tvítugt tók hann hins vegar við starfi staðarverkstjóra Ísafjarðarbæjar á Suðureyri. „Þetta var þegar Ísafjarðarbær sameinaðist. Ég var verkstjóri hér á Suðureyri og sinni verkefnum tengdum áhaldahúsi, vatnsveitu og höfninni í sex ár. Þaðan fór ég síðan yfir til Símanum og var að vinna þar í önnur sex ár. Þar var ég bæði viðskiptastjóri og svo þjónustustjóri undir lokin,“ segir Elli frá. Árin hjá Símanum voru honum afar góð og ekki síður lærdómsrík. „Ég kunní ákaflega vel við mig þar og lærði þar mikið af því sem ég kann í dag. Þetta var virkilega skemmtilegur tími hjá Símanum. Það var verið að breyta fyrirtækinu úr ríkisreknu báknri yfir í þjónustudrifið markaðsfyrirtæki og mikil áhersla lögð á að kenna fólki rétt vinnubrögð í sölu og þjónustu,“ segir hann frá.

Fyrstu skrefin stigin

Það var á árum Ella hjá Símanum sem hann steig – reyndar ómeðvitað í fyrstu – fyrstu skrefin í uppbyggingu ferðaþjónustunnar sem er atvinna hans í dag. „Ég og fjölskyldan mín, það er að segja ég, konan mín og foreldrar mínir, keyptum húsið hérna við hliðina á okkur á 50.000 krónur. Ísafjarðarbær hafði eignast húsið á uppboði og til stóð að rífa það. Við keyptum húsið í desember 2000 og höfðum það svona sem hobbí meðfram annari vinnu að gera það upp. Þar voru fyrstu skrefin í ferðaþjónustunni stigin, en við sáum það alls ekki fyrir okkur þá að við ættum eftir að fara út í þennan rekstur. Þetta átti bara að verða skemmtilegt hobbí. Við pabbi höfum alltaf haft gaman af því að stússast í einhverju svona, smíða og gera upp,“ segir Elli.

Eftir fjögur ár var þó kominn tími til að gera upp við sig hver næstu skref yrðu. „Við lögðumst þá í smá naflaskoðun og spurðum okkur að því hvort við ætluðum að hafa þetta sem hobbí áfram eða gera eitthvað úr þessu. Þá lögðum við mikla vinnu í það að skoða hvort það væri einhver framtíð í ferðaþjónustu hér. Eftir

þá eftirgrennslan tókum við fjölskyldan ákvörðun um að hella okkur í þetta. Ég sagði starfinu mínu hjá Símanum upp og við fórum á bólakaf í þetta. Það er ákvörðun sem ég sé ekki eftir,“ segir Elli.

Frá upphafi hefur fyrirtækið verið hefðbundið fjölskyldufyrirtæki, að sögn Ella. „Þegar ég tala um „okkur“ á ég við okkur fjölskylduna, mig og Jóhönnu og foreldra mína, en svo má ekki gleyma starfsfólkinu okkar. Þeir sem hafa unnið með okkur í þessu í öll þessi ár eiga ekki síður stóran þátt í þessu. Þó maður sé að stýra skútunni gerir maður ekki allt einn!“ segir hann.

„Það voru margir sem hlógu að okkur þegar við sögðumst ætla að fara að selja gistingu hérna í þorpinu,“ bætir Elli svo við og

brosir. „En þetta tókst hjá okkur, og hefur bara verið verulega gaman,“ bætir hann við.

Markaðsfræðin heillar

Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað og í dag starfa hjá því átján starfsmenn yfir sumartímann. Fyrstu skrefin voru tekin í sölu gistirýma, en í dag rekur fjölskyldan einnig veitingastaðinn Talisman, verslun og þriggja stjörnu hótél á Suðureyri. „Þetta er ekkert stórt þegar að er gáð – bara lítið fjölskyldufyrirtæki. En við höfum kannski gert mikið úr því að markaðssetja þennan pakka sem eina heild undir merkjum Fisherman, sem og aðra þjónustu hérna í þorpinu. Við erum líka að selja þjónustu sem við eigum ekkert í, en við erum bara

sannfærð um að það sé betra að markaðssetja alla þessa þjónustu í einu nafni. Það skiptir kunnann engu máli hver á kennitöluna á bak við nafnið. Það er bara vitleysa að hver og einn sé í sínu horni að reyna að ná athygli viðskiptavina,“ segir Elli.

Áhugi hans á markaðsfræði kviknaði á árum hans hjá Símanum og hefur síst dvínað eftir að hann hóf eigin rekstur. „Ég kynntist „branding“, eða vörumerkjastjórnun, fyrst hjá Símanum, og heillaðist strax af því þá. Þá var verið að innleiða alveg nýja mörkun fyrir Símann. Allar götur síðan hef ég kynnt mér þetta efni mikið. Það endaði á því að ég fór í nám í markaðsfræði á Bifröst og er búinn að vera að mennta mig í „branding destination“, eða markaðssetningu



áfangastaða og vörumerkja. Ég hef verið að stúdera þessi fræði síðan 2005 og því námi mun eflaust aldrei ljúka. Þó maður hafi lært ákveðinn grunn á Bifröst kemur restin af fræðslunni annars staðar frá, í gegnum erlend ráðgjafafyrirtæki og þess háttar. Ég er að minnsta kosti alveg á því að það að stunda gott markaðsstarf sé leiðin til árangurs,” segir hann.

„Ég hef líka oft sagt að fólk ætti að miða við hundraðgell-efuregluna. Það eru svo margir sem fá hugmyndir og halda að það sé svo minnsta málið að selja þær. Ég vil meina að fólk fái eitt stig fyrir að fá viðskiptahugmynd, tíu stig fyrir að framkvæma hana, og svo hundrað stig fyrir að selja hana. Það er það sem skiptir alltaf mestu máli, að geta markaðssett og selt, ekki að

fá hugmyndina. Það er lykillinn að árangri,” segir Elli.

Gestirnir mót- uðu fyrirtækið

Þegar fjölskylda Ella hafði gert upp við sig að hún hefði áhuga á því að reyna fyrir sér í ferðapjónustu lá ljóst fyrir að mikil vinna væri framundan. „Þegar við höfðum ákveðið að skella okkur í þetta fengum við ráðgjafafyrirtæki, sem heitir Capacent í dag, í lið með okkur. Þeir lögðust í greiningarvinnu meðal þeirra viðskiptavina sem voru að koma inn á svæðið og þannig létum við gestina eiginlega búa konseptið til fyrir okkur. Ég verð að viðurkenna að ég var svo litadur af fjölmiðlaumræðunni að sjálfs-

álitið og trúin á þorpið var kannski ekki mikil. En þegar maður fór að láta erlenda gesti segja sér hvað væri spennandi hérna gjörbreyttist það,” segir Elli frá.

„Það voru sem sagt gestirnir okkar árin 2003 og 2004 sem lögðu grunninn að því hvernig fyrirtækið er í dag. Það kom í ljós að þeim fannst jafn merkilegt að koma í lítið sjávarþorp og mér þykir að koma til Las Vegas. Þeim fannst gaman að koma hingað, taka þátt í daglegu lífi, fræðast og upplifa hvað við gerum hérna, í svona litlu þorpi. Við höfum svo reynt að miða alla okkar uppbyggingu við þetta. Við viljum geta uppfyllt þessar þarfir og óskir viðskiptavinna.

Okkar hlutverk er að gera aðgengi ferðamanna að þorpinu betra. Gestir eiga að geta komið

hingað inn og fengið að borða framleiðsluafurðir heimamanna, farið á sjóinn með hásetum á línubát og tekið þátt í sjóróðri, þeir geta farið í göngutúr og fengið að kíkja í beitningaskúrana og fengið þar beitu til að gefa vilum þorski ó lóninu að bord eða farið í skoðunarferð um Fiskvinnsluna Íslandssögu. Við bjóðum upp á heimsókn í sjávarþorp sem konsept,” útskýrir hann.

Á þeim tólf árum sem liðin eru frá því að fjölskyldan lagði af stað í þetta ævintýri hefur gengið á ýmsu. „Þetta er búið að vera langt frá því að vera auðvelt og hefur oft verið brölt. Erfiðasti kaflinn var þegar við vorum að byggja upp sjóstangveiði á Flateyri og Suðureyri árið 2007. Það var verkefni sem var nærri búið að ganga af okkur dauðum. Það

var ekki nóg með að nýsköpunarstarfið væri erfitt heldur kom svo efnahagshrun ofan í þetta líka. Það munaði engu að við hefðum misst allt þá. Okkar viðskiptabankar hafa alla tíð verið mjög skilningsríkir og það er mikið þeim að þakka að við getum byggt okkar fyrirtæki upp og reyndar niður líka,” segir Elli.

Hvað varðar fjölmiðlaumræðuna og neikvæðina sem Elli segist sjálfur hafa tekið inn á sig finnst honum hún hafa breyst til hins betra í dag. „Það eirir samt ennþá eftir af henni. Við tölum stundum um það þegar miðaldra fólki úr Reykjavík kemur í furðufuglaskoðun. Það er eitt það ömurlegasta sem við fáum hingað. Maður á kannski ekki að segja þetta, en þetta er staðreynd. Ákveðinn hópur fólks sem er alið

upp í borginni, um eða upp úr fimmtugu, kemur hingað og gerir lítið úr því sem við erum að gera og úr starfsfólkinu okkar. Þetta er hópur sem okkur langar helst ekki að hafa hér í viðskiptum. Hann er ekki beint erfiður, heldur bara dónalegur. Og litadur af ranghugmyndum,“ segir Elli.

Mikil uppsveifla í vændum

Margt hefur verið sagt og skrifað um uppsveiflu í ferðaþjónustu á Vestfjörðum á síðustu misserum og ferðaþjónustuaðilar eru almennt vongóðir um að hún haldi áfram næstu árin. Elli er í þeirra hópi.

„Það er alveg staðreynd að það hefur verið mikill vöxtur í þessu á síðustu árum. Hjá okkur fjölgar allavega á hverju ári. Það hefur ekki ennþá komið ár þar sem það fækkar á milli ára og sumarið í sumar er að slá öll met. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir um hvað er að gerast í ferðaþjónustu á landsvísu er ég sannfærður um að fjöldi ferðamanna sem leggja leið sína á Vestfirði eigi að minnsta kosti eftir að tvöfaldast innan tíu ára. Þá á ég við erlenda ferðamenn. Það þarf svo litlar breytingar til þess að það verði veruleg aukning og það er margt sem bendir til þess að það sé stutt í þetta,“ segir hann.

Hvað er það þá sem hann telur helst að þurfi að breytast? „Við þurfum að vinna betri heima-vinnu. Og það kemur, það þarf bara smá tíma. Þá er ég ekki að meina okkar fyrirtæki frekar en önnur. Fyrirtæki sem eru hérna á svæðinu eiga eflaust flestöll eftir að ná góðum árangri innan nokkurra ára. Það vantar ekki mörg ár upp á það að ferðaþjónustan verði stolt okkar Vestfirðinga, ég held að við ættum öll að geta verið sammála um það. Enda eru það fiskimiðin og náttúran sem eru stoltið okkar og það sem við eigum að selja,“ segir Elli.

Hann er sannfærður um að stærstu sóknarfærin sé að finna í erlendum gestum. „Vöxturinn er og verður þar. Við höfum til dæmis ekki gert auglýsingar eða íslenskt kynningarefni í töluverðan tíma – við stílum alveg meðvitað inn á erlenda ferðamenn,“ útskýrir hann.

Slekkur elda allan daginn

Blaðamanni leikur forvitni á því að vita hvernig hefðbundinn vinnudagur hjá manni með öll þessi járn í eldinum lítur út að sumri til? Elli brosir út í annað. „Hann er virkilega misjafn. Í morgun vaknaði ég til dæmis og ætlaði að fara að flísaleggja með pabba. Það gekk ekki nema til klukkan níu því þá var afgreiðsluferfið í versluninni hrúnið; það

bræddi algjörlega úr sér. Dagurinn fór þess vegna í að reyna að redda því, sem endaði nú með því að það þurfti að kaupa nýtt kerfi frá Reykjavík. Það kom með fluginu núna áðan. Dagurinn var eiginlega einn langur björgunarleiðangur. Svo er kvöldið og nóttin framundan, að koma öllum vörum inn í nýja kerfið svo það sé hægt að opna á morgun með virkan kassa og bros á vör!“ segir Elli og hlær við.

„Þetta er eiginlega frekar týpískur dagur – maður er að slökkva elda og redda málum hér og þar. Ég set mig ekki á neinar vaktir á sumrin, því ég þarf bara að vera laus til að hjálpa mínu fólki hér og þar. Á veturna hef ég hins vegar verið að taka vaktir í versluninni, ásamt því auðvitað að sinna sölu- og markaðsstarfi og rekstri á fyrirtækinu. Við erum alltaf að þróa eitthvað nýtt og skemmtilegt að selja,“ segir Elli frá.

Starfsemin að sumri og vetri til er gjörólík, eins og gefur að skilja. „En við erum samt orðin fjögur sem vinnum í fyrirtækinu allan ársins hring. Það er aldrei frí, þannig séð, og það var nóg að gera í allan vetur. Það er ekki þannig að maður leggist bara fyrir á veturna. Þessir gestir koma ekki af sjálfu sér – það þarf að sækja þá. Það er stór misskilningur að gestirnir hér á svæðinu hafi allir fengið þá hugmynd sjálfir að koma hingað. Það liggur mikil vinna á bak við þetta,“ útskýrir Elli, sem ljóstrar þó engu upp um hvaða leiðir þau beiti til þess að laða að sér ferðamenn. „Það verður okkar leyndarmál! Við höfum þróað góðar leiðir til að sækja viðskiptavinum og það er okkar styrkleiki. Við stöndum okkur vel í því, þó ég segi sjálfur frá,“ segir hann.

Fiskiskólinn fyrir haustin

Það er algengt umkvörtunarefni ferðaþjónustuaðila á Vestfjörðum að ferðamannatíminn sé of stuttur; hann hefst ekki af alvöru fyrr en í lok júní og sé lokið fljótlega upp úr Verslunarmannahelgi. Tekst Ella og fólkinu að baki Fisherman að laða til sín ferðalanga yfir vetrartímamann?

„Nei, það er óskaplega lítið. En það eru sóknarfæri þar. Fiskiskóli Fishermans, sem ég er að reyna að flísaleggja með pabba þessa dagana, er einmitt konsept sem er stílað inn á að fá fólk hingað á haustin,“ segir Elli. Þar fá gestir kennslu í því að elda spriklandi ferskan fisk og snæða svo afrakstur erfiðis síns áður en hringt er út úr skólanum.

„Við ætlum að reyna að ná hingað Bretum og erum að vinna markaðsstarf úti í Bretlandi því tengt. En það er með það eins og allt annað, það skilar sér ekki

strax. Það þarf að stunda þetta starf í kannski tvö, þrjú ár, áður en það fer að tikka inn fyrir alvöru. Þó að við séum ekki farin að kveikja undir hellunum í Fiskiskólanum ennþá er farið að selja hann á fullu. Það gengur ágætlega og það er margt skemmtilegt framundan þar. Við erum búin að fá hugmyndina, framkvæma hana og nú er að selja hana!“ segir Elli og brosir. „Það er það sem við erum að vinna í úti. Það er lítið mál að selja einum og einum, en við erum að hugsa þetta á stærri basis, að það komi hingað hópar fólks á haustin, til þess að lengja ferðamannatímamann,“ bætir hann við.

Matartengd ferðaþjónusta virðist sífellt sækja í sig veðrið og Elli segist finna fyrir auknum áhuga á henni. „Við erum að minnsta kosti mjög bjartsýn á að það verði næsta stóra stökkið okkar tengt þessari upplifun sem við erum að markaðssetja; að koma inn í íslenskt, vistvænt sjávarþorp, kynnast lífi í fiskiþorpi, fá að smakka á framleiðsluvörum heimamanna og allt því tengt. Það er stór markaður framundan í þessu,“ segir hann.

Ferðast af fingrum fram

Það fer ekkert á milli mála að Elli er upptekinn maður. Hann segist þó einnig finna sér tíma til að sinna áhugamálum og lífinu utan vinnunnar. „Það skemmtilegasta sem ég geri er að ferðast með konunni minni, bæði innanlands og utan. Það hefur nú reyndar ekki farið mikið fyrir því núna síðustu árin, á meðan hún var í námi, en nú erum við strax farin að skipuleggja ferðalög aftur og það er sitthvað í pípunum. Við erum til dæmis að skipuleggja ferðalag núna í september. Við ætlum að lenda í Amsterdam og fara á tónleika með Of Monsters and Men. Þaðan ætlum við svo að fljúga eða taka lest eitthvað annað, til Ítalíu jafnvel. Við ferðumst mikið á þennan hátt – fljúgum eitthvert og látum það svo bara ráðast hvert við förum næst og hvað við gerum,“ segir Elli frá.

„Það hefur bara einu sinni komið fyrir að ég fái ekki hótél. Í það skiptið flaug ég frá Hamborg til Danmerkur á þriðjudegi. Þá var læknaáðstefna í Kaupmannahöfn og öll hótél yfirfull. Mér var vísað niður í eitthvað melluhverfi, en þær voru víst allar uppteknar líka, svo ég bað leigubílstjóra að skutla mér yfir til Malmö, yfir brúna. Þar var hins vegar allt bókað líka. Þegar ég var búinn að eyða 40.000 kalli í leigubíl bað ég hann bara að skutla mér upp á flugvöll og svaf þar um nóttina. Þetta er í eina skiptið sem það hefur eitthvað klikkað að vera ekki skipulagður



fram í tímann. Annars hefur það alltaf gengið. Konan hlær mikið að mér fyrir þetta. Ég hélt nú að Kaupmannahöfn væri staður þar sem maður gæti alltaf fundið gistingu,“ segir Elli og brosir við.

Þau hjón ferðast mest utan hins hefðbundna ferðamannatíma, eins og við er að búast, enda nóg um að vera heima fyrir yfir þá mánuði ársins. „Mér finnst hvort sem er ekkert gaman að fara yfir hásumarið, það er svo heitt alltaf. Það hentar mér miklu betur að fara út að vori eða hausti. Við hjónin vorum til dæmis í Búapest núna í mars. Það var bara mjög gott, góður hiti og hótélin auðvitað á allt öðru verði en yfir sumarið. Mér finnst langbesti klikkað að vera ekki skipulagður

til maí og aftur frá september til nóvember,“ segir Elli.

Endurbyggja elstu húsinn við Rómarsstíg

Áhugi Ella á því að gera upp og standsetja gömul hús hefur líka getið af sér nýtt – og ansi viðamikil – verkefni. Til stendur að endurbyggja heila götu, Rómarsstíg, sem var fyrsta gatan á Suðureyri og færa hana nær upp- runlegri götumynd.

„Sko, heil gata er nú ekki alveg eins og gata í Reykjavík. Þetta hljómar kannski stórt en er ekkert svo risavaxið,“ maldar Elli í móinn þegar blaðamaður undrast ferðatíminn vera frá svona mars

hrint í framkvæmd. „Þetta snýst í raun um að endurbyggja nokkur af fyrstu húsunum sem voru byggð hérna á Suðureyri. Sem dæmi má nefna tólf fermetra fbúðarhús sem hét Rómarborg og síðan eru fiskhjallar og fleira tengt þessari götumynd. Ég stefni því á að endurbyggja Rómarborg í öllu sínu veldi,“ segir Elli og hlær við. „Undanfarnin ár hef ég verið að grúska í gögnum tengdum því hvernig þorpið byrjaði að myndast. Ég fann gögn sem lýstu því hvernig þessi hús voru, myndir og fleira. Svo erum við svo heppin, ef svo má segja, að þar sem þessi hús stóðu upphaflega er búið að rífa öll hús sem voru byggð í millitíðinni,“ segir hann frá.

„Húsin sem til stendur að endurbyggja voru reist í kringum 1891 til 1896, eitthvað svoleiðis, en svo rifin aftur í kringum 1920. Þá voru byggð þarna stór, steinsteypt verksmiðjuhús fyrir útgerðina sem var hér þá. Í dag hafa þau svo verið rifin. Það gerir að verkum að það er hægt að endurbyggja þessi fyrstu hús á þessum lóðum. Núna nýlega samþykkti Ísafjarðarbær svo deiliskipulag sem gerir að verkum að þetta er hægt. Þetta er vissulega stórt verkefni, en yfirstíganlegt. Það er búið að vinna þetta þannig að við teljum okkur geta klárað þetta á næstu fimm árum. Við erum að fara að ráðast í svona sex, sjö hús, en deiliskipulagið gerir ráð fyrir fleiri húsum. Við erum bara að vona að það komi fleiri og byggji hús í þessum stíl þarna í kring,“ segir Elli.

Húsin verða öll ætluð undir verslun og þjónustu. „Eitt af þessum húsum er hugsað sem verslun fyrir Sjóklæðagerðina, 66°N, á akkúrat sama stað og fyrirtækið hóf göngu sína fyrir 85 árum síðan. Þabbi stofnanda þess félags stóð einmitt fyrir því að þessi fyrstu hús væru byggð þarna í kringum 1890,“ segir Elli frá. „Í öðru húsi verður svo lítil fiskmarkaður þar sem fólk getur komið og keypt þurrkaðan harðfisk af þeim sem verka harðfisk hérna í þorpinu og nýjan fisk til að fara með heim á kvöldin. Svo stendur líka til að færa ísinn úr versluninni sem við reukum í dag yfir í sér ísbúð og gera honum svolítið hærra undir höfði. Þetta er mjög spennandi verkefni, en nú gildir bara að eiga bensín til að komast alla leið. Þetta krefst allt mikillar vinnu,“ segir Elli.

Það er auðheyrð að það eru mörg spennandi verkefni framundan hjá Ella og fjölskyldu hans og drifkrafturinn ekkert minni en þegar fjölskyldan réðist í fyrstu verkefni fyrir tólf árum síðan. Þá er bara ein spurning sem blaðamaður vill fá svar við að lokum: Hvað segir fólkið sem hló að áformunum í upphafi? Elli brosir við: „Það er held ég bara ennþá að hlæja,“ segir hann svo.

Minnsta óperuhús í heimi

Ólöf Davíðsdóttir og Bryndís Friðgeirsdóttir hyggjast koma upp menningarhúsi í gamla samkomuhúsinu Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. En eins og fram hefur komið festu þær nýlega kaup á húsinu. Húsið sem grotnað hefur niður síðastliðna áratugi þykir vera með all sérstakt leiksvið og skemmtilega umgjörð þrátt fyrir smæð sína en það er 70 fermetrar. Hafa þær stöllu í hyggju að á sviði hússins verði uppákomur af ýmsu tagi í náinni framtíð.

Í síðdegisútvarpi RÚV segjast þær stöllu sjá fyrir sér að menningarfólk geti fengið afnot að húsinu og haft nokkuð frjálshendur

með hvernig uppákomur það verður með. „Það geta þess vegna verið óperusöngvarar sem fá lykilið og setja skilti upp á veginn og svo koma ferðamenn, líta á skiltið og hugsa hvað sé um að vera í húsinu, minnsta óperuhúsi heims í Vatnsfirði,“ segir Bryndís.

Mikið verk er þó fyrir höndum þar sem húsið heldur vart vatni né vindi í dag. Fyrstu framkvæmdir eru viðgerðir á þaki en síðan verður farið í að lagfæra steypuskemmdir. „Við ætlum svo að gera upp húsið smám saman og hafa það í upprunalegri mynd,“ segir Bryndís. Þær treysta sér ekki til að segja hvenær hægt

verði að opna húsið að svo stöddu. Þá er framkvæmdin afar dýr og segjast vinkonurnar þiggja alla aðstoð sem býðst, hvort sem það er í formi framlaga, sjálfbodaðavinnu eða hvers sem er.

Aðspurðar hvað þeim þyki sérstakt við húsið segja þær að það sé staðsetningin, saga hússins og Vatnsfjarðar og hvernig það er byggt. „Það var kona sem teiknaði húsið,“ upplýsir Ólöf í viðtalinu. „Allt er þínulítið inni í húsinu en allt passar það svo vel. Það virkar því ekkert svo lítið þó að það sé bara 70 fermetrar.“

Þess má geta var húsið byggt árið 1925 af Ungmennafélaginu Vísi í Reykjavíkjardarhreppi og var fyrir á tíðum miðpunktur félagslífs á svæðinu.

Vinkonurnar segjast í viðtalinu sjálfar ekki hafa orðið þeirra ánægju aðnjótandi að hafa sótt dansleiki í húsinu en þær hafi þó heyrt margar sögur af því. „Þarna hafa myndast þarna falleg ástarsambönd sem hafa enst kannski alveg fram á daginn í dag. Við leitum eftir sögum hjá fólki sem vill skrifa okkur um sína reynslu og ánægju í húsinu.“



Páll efst í Klofningsdalnum.

Svaðilför yfir Klofningsdalinn

Páll Önnundarson bílstjóri og áhugaljósmyndari frá Flateyri brá sér á dögnum í vettvangskönnun eftir gamla vatnsveitu- og línuveginum í Klofningsdal í Önnundarfirði. Efst í dalnum hefur orðið grjóthrun og vegurinn því ófær, en fyrir liggja áætlanir heimamanna um að hreinsa veginn svo hægt sé að opna hann fyrir ferðamönnum næsta sumar, að því er fram kemur á Flateyraryfnum. Í góðu skyggni má sjá nær alla til Grænlands efst í Klofningsdalnum og þykir heimamönnum upplagt að bjóða ferðir upp á fjallið næsta sumar. Skemmst er frá því að segja að Páll komst óhultur til byggða þrátt fyrir að vegurinn hafi verið ófær, enda á góðum bíl.

Lífeyrissjóðurinn fjárfestir í Tryggingamiðstöðinni

Lífeyrissjóður Vestfirðinga er meðal kaupenda að stórum hlut í Tryggingamiðstöðinni hf. Stoðir hf. hafa samið um sölu á 60% hlut í fyrirtækinu til hóps lífeyrissjóða og annarra innlendra fjárfesta. Auk Lífeyrissjóðs Vestfirðinga eru kaupendur meðal annars Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Söfnunarsjóður lífeyrissjóðranna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Stafir lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, Sjóður 10 á vegum Íslandssjóða, auk fjárfesta á vegum VÍB – Eignastýringar Íslandsbanka, Virðingar og Auðar Capital. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Stoðum.

Samningurinn sem nú hefur verið undirritaður er m.a. gerður

með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins. Samningsaðilar vænta þess að skilyrði samningsins verði uppfyllt innan fárra mánaða og að afhending eignarhlutarins geti þá átt sér stað. Engar breytingar eru áformaðar á rekstri TM og mun þessi samningur engin áhrif hafa á stöðu viðskiptavina eða starfsmanna félagsins.

Stoðir munu eiga tæplega 40% hlut í TM eftir þessi viðskipti. Stefnt er að skráningu TM á Aðallista NASDAQ OMX Iceland á fyrri hluta næsta árs og í tengslum við skráningu áforma Stoðir að selja hluta af eftirstandandi eignarhlut sínum í almennu hlutafjárútboði.

– thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG FYRIR MIÐBÆ OG HAFNARSVÆÐI Á ÞINGEYRI, ÍSAFJARÐARBÆ

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarráð fyrir hönd bæjarsjórnar Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda deiliskipulagstillögu á fundi sínum þann 16. júlí 2012.

Deiliskipulagið tekur til miðbæjar- og hafnarsvæðis á Þingeyri, þ.e. byggðar við Fjarðargötu og Hafnarstræti milli hafnar og upp fyrir Brekkugötu. Skipulagssvæðið er um 19,2 ha að stærð.

Með samþykkt tillögu að deiliskipulagi þessu fellur deiliskipulag Hafnarsvæðis frá árinu 2001 úr gildi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 7 óráðstöfuðum lóðum á athafna- og þjónustusvæði, á miðbæjarsvæði eru tvær lóðir sem ætlaðar eru fyrir nýbyggingar, Fjarðargata 3 og 12 Sérstök áhersla er lögð á verndun elstu byggðarinnar og uppbyggingu gamalla húsa.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is frá og með 9. ágúst 2012 til og með 20. september 2012. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdom á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni. Ísafirði 31. júlí 2012.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

Allir leikir eru úrslitaleikir

„Við höfum staðið af okkur mótlatið og stöndum í lappinnar. Það eru einhverjir leikmenn sem hafa vissulega spilað undir pari, og eflaust einhverjir yfir pari, en við höfum púslað liðinu vel saman og það er kominn ágætis bragur á þetta.“ segir Jörundur Áki Sveinsson þjálfari BÍ/Bolungarvíkur í samtali við Bæjarins besta, en liðið er í sjöunda sæti fyrstu deildar karla í knattspyrnu þegar einungis átta leikir eru eftir af tímabilinu. Þrátt fyrir brösótt gengi framan af sumri hefur liðið einungis tapað fjórum leikjum, sem er jafn mikið og hjá toppliði Víkings Ólafsvík. Jörundur Áki segist ánægður með sína menn sem hafa bitið í skjaldarrendur eftir mikinn mótbyr í byrjun sumars.

„Við höfum hinsvegar gert allt of mikið af jafnteflum, eða sjö talsins. Í mörgum þessara jafntefllislekja höfum við verið sterkari aðilinn og hefðum átt að fá meira úr þeim leikjum. Það er dýrt að gera jafntefli en við sættum okkur þó við að tapa ekki þessum leikjum.“ segir Jörundur, sem er ánægður með þann liðs-

styrk sem liðið fékk í félagsskiptaglugganum. „Þessir nýju leikmenn sem við fengum auka samkeppnina og það er af hinu góða. Þessir leikmenn fylla þær stöður sem við vorum að leita eftir liðsstyrk í.“ segir Jörundur og vísar þar í þá Alexander Jackson Möller, Jerson Dos Santos og Mark Tubæk, sem allir gengu til liðs við BÍ/Bolungarvík í síðasta mánuði.

Aðspurður um sterkustu lið deildarinnar segir Jörundur Áki deildina vera mjög jafna, en nokkur lið séu þó líklegri en önnur til afreka. „Mér sýnist Víkingur Ólafsvík og Fjölnir bera af, ásamt Haukum, Þór og mögulega Víking Reykjavík. Ástæðan fyrir því að deildin er svona jöfn er líklega sú að nýliðarnir, Höttur og Tindastóll hafa komið í þetta af gríðarlegum krafti. Einnig hafa öll liðin verið að tína stig af hverju öðru.“ segir Jörundur, en einungis sjö stig skilja liðin í fjórða og tólfta sæti að.

Jörundur Áki tók við liðinu síðastliðið haust af Guðjóni Þórð-



Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari BÍ/Bolungarvíkur.

arsyni. En hefur hann náð að koma áherslum sínum til liðsins á þessum skamma tíma sem hann hefur verið við stjórnvölin? „Ég vissi að þetta myndi taka tíma hjá okkur. Við vorum með breyttan hóp eftir síðasta tímabil, og einnig hjálpaði það ekki til að hópurn var tvískiptur í allan vetur, leikmenn voru bæði á Ísa-

firði og í Reykjavík. Engu að síður er ég mjög ánægður með hvernig leikmenn hafa brugðist við mínum áherslum, og markið sem Gunnar Már skoraði gegn Tindastól í síðustu umferð er dæmi um að áherslurnar frá æfingarsvæðinu eru að skila sér.“ segir Jörundur.

Sem fyrr segir á lið BÍ/Bolung-

arvíkur átta leiki eftir af tímabilinu. „Nú eru allir leikir úrslitaleikir. Við vorum í fallsæti fyrir síðustu umferð og fórum upp í það sjöunda með sigri. Það getur breyst á örskotsstundu. Næsti leikur gegn Hetti er mjög mikilvægur eins og allir leikir sem eftir eru.“ segir Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari.

Ný líkamsræktarstöð opnar í Bolungarvík

Líkamsræktarstöðin Skemman opnar í húsnæði gömlu vélsmiðjunnar í Bolungarvík í næsta mánuði. Hjónin Jónas Leifur Sigursteinsson og Ragnheiður Ragnarsdóttir, sem hafa að undanfögnu staðið fyrir ketilbjölluæfingum í Bolungarvík, hyggjast reka nýju líkamsræktarstöðina þar sem aðaláherslan verður lögð á ketilbjölluæfingar og Crossfit.

Frankvæmdir á húsnæðinu eru

skammt á veg komnar, en nú er unnið að því að brjóta niður vegg og rýma til fyrir líkamsræktarstöðinni. Að sögn Jónasar stefna hjónin að því að hafa hóptíma í salnum en einnig verður hún opin fyrir einstaklinga. Frá þessu er greint á vikari.is.

Jónas Leifur Sigursteinsson, líkamsræktarfrömuður. Mynd: vikari.is.



smáar

Get tekið að mér allar viðgerðir og breytingar á plastbátum. Vönduð vinna. Vanur maður. Uppl. í síma 868 6233 (Bjarni).

Tapaði 3ja krossa gullhálsmeni án festi í miðbæ Ísafjarðar 14. febrúar sl. Ef einhver hefur orðið hans var, vinsamlegast hafið samband í síma 456 3862 eða skilið á lögreglu-stöðina á Ísafirði.

Ferðapjónusta, vegir og hótél

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins.

Þrátt fyrir það bera ábyrgðar-menn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sumarið hefur verið einstaklega gott, veður betra en oftast áður og hafa þó undanfarin sumur verið góð. Helst er að það hafi verið of þurr. Búist er við 700 þúsund ferðamönnum til Íslands á árinu 2012, sem er met. Ísland er greinilega ofarlega á blaði sem kostur þegar kemur að því að útlendingar velji áfangastað sinn í útlöndum. Hótelgisting ber þessi vitni. Hvorki meira né minna en 86% gesta á hótélum um þessar mundir eru útlendingar og er það vel. Vonandi gefur það góðan rekstrargrunn og möguleika á því að efla reksturinn til næstu ára. Vilji Íslendingar góðan arð af ferðamönnum er skynsamlegt að leggja nú línur og gera áætlun um hvernig best verði að því staðið. Engan þarf að undra að efnahagsástandið verði nefnt hér, kreppan, því það hefur haft í för með sér mikinn niðurskurð í ríkisrekstri, sem engan veginn er vitað hverjar afleiðingar hefur í för með sér.

Vegagerð, viðhald vega og samgöngur eru afar mikilvægur þáttur í því að byggja upp góða ferðapjónustu. Jarðgöng eru tísku-orðið og þau virðast ákveðin með ýmsum hætti og stundum telja stjórnmalamenn sér trú um að hægt sé að grafa þau á kostnað umfarenda, en gleyma því að þeir sem borga bensínið hafa þegar látið af hendi rakna mikið fé til vegagerðar, sem skilar sér ekki. Jarðgöng undir Vaðlaheiði eru án nokkurs efa afar þægileg þannig lagað séð. Það eru Dýrafjarðargöng milli fjarðarinnar sem þau eru

kennd við og Arnarfjarðar, þess sem geymir Hrafnseyri, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, einnig. En þau eru jafnframt nauðsynleg tenging innan Vestfjarða, sem myndu koma á vegasambandi allt árið. Það er ekki fyrir hendi í dag, en er viðvarandi milli Húsavíkur og Akureyrar svo dæmi sé tekið.

Dýrafjarðargöng myndu auka möguleika á ferðapjónustu á Vestfjörðum gríðarlega mikið, en kannski er út í hött að ræða málin á þeim nótum meðan vegakerfið er eins og það er, þótt vissulega hilli undir bætur í Vestur Barðastrandarsýslu. En það gengur hægt, ógnarhægt, og meðan ganga eða öllu heldur aka tækifærin í ferðapjónustu hjá garði, því miður. Flestir í einkageiranum halda að sér höndum með framkvæmdir vegna óvissu í efnahagsmálum Íslands en ekki virðist rofa mjög til þótt ríkisstjórnin hafi um það góð orð. Vegbætur eru ekki er nóg. Aðstaða til að taka á móti þeim ferðamönnum sem eru reiðubúnir að kaupa góða þjónustu er lítil. Hótél á Vestfjörðum eru fá og smá. En nú rofar til á Patreksfirði. Þá segja vöndur vegir enn og aftur til sín og lélegt vegasamband milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar verður dragbítur á samnýtingu og skipulagningu ferða um og innan Vestfjarða. Þar með missa Vestfirðingar stóran spón úr ferðamanna - aski sínum. Þar bítur niðurskurðurinn í vegagerð.



72 MILLJÓNIR Í GÓÐUM HÖNDUM



POKASJÓÐUR

ÚTHLUTUN ÚR POKASJÓÐI 2012 HEFUR FARIÐ FRAM OG VAR UM 72 MILLJÓNUM ÚTHLUTAÐ TIL STYRKTA MARGVÍSLEGUM UPPBYGGILEGUM MÁLEFNUM EINS OG ÚTHLUTUNARLISTINN SÝNIR.

POKASJÓÐUR VEITIR STYRKI TIL UMHVERFIS- OG MANN-ÚÐARMÁLA OG HEFUR FRÁ UPPHAFI ÚTHLUTAÐ MEIRA EN 1.300 MILLJÓNUM.

Ás styrktarfélag
 Bergmál, Líknar- og vinafélag
 Birds.is
 Björgunarsveitin Björg
 Björn Halldórsson
 Blái herinn
 Blátt áfram
 Blindrafélagið
 Dóra Halldórsdóttir
 Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki
 Ferðafélag Íslands
 Ferðafélag Íslands
 Ferðamálasamtök Suðurnesja
 Ferðamálasamtök Vopnafjarðar
 Félag CP á Íslandi
 Félag heyrnarlausra
 Foreldrafélag Öskjuhlíðarskóla
 Grasagarður Vestfjarða
 Grettistak
 Gróður fyrir fólk
 H Hópurinn
 Hestamannafélagið Hörður
 Hjartaheill
 Hjálpræðisherinn
 Hornstrandastofa
 Hrísið
 Húsgull
 Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir
 Íbúasamtök Norðlingaholts
 Íþróttasamband fatlaðra
 KFUM og KFUK
 Krýsuvíkursamtökin
 Kvenfélagið Iðja, Miðfirði
 Landgræðslufélag Biskupstungna
 Landgræðslufélag Héraðsbúa
 List án landamæra
 Laugarneskirkja
 Lundur Forvarnarfélag
 MS setrið
 Mörk skógræktarfélag

Sumardvöl fyrir fólk með þroskahömlun sem þarf mikla aðstoð
 Langveikum börnum boðin heilsudvöl í Bergheimum, Grímsnesi
 Stígur og brýr að fuglaskoðunarhúsi við Breiðavog
 Sandgræðsla við Ólfusárósa - lagfæring á vegslóðum að veiðisvæði
 Uppgræðsla Valbjófsstaðafjalls
 Hreinn ávinningur 2011-2013. Áframhald fyrri verkefna
 Foreldrabæklingur um mikilvægi forvarna gegn kynferðisofbeldi
 Leikaðstaða fyrir blind, sjónskert og daufblind börn
 Auka gæði lífs. Styrkja listasmiðju dagdeildar líknardeildar LSH
 Sumar- og unglíngabúðir fyrir sykursjúk börn
 Botnar á Emstrum - tjaldstæði
 Fjöll í nágrenni Reykjavíkur - stikun
 Náttúruleg - endurhleðsla á laug þar sem Grindvíkingar lærðu sund
 Merking gönguleiða, bæklingar, skilti, fuglaskoðun
 Sumarhátíð fyrir fötluð börn og fjölskyldur
 Menntunarsjóður heyrnarlausra
 Sumardvöl fyrir fötluð börn sumarið 2012
 Nytjar fyrr og nú á villtum vestfirskum plöntum
 Merking gönguleiða um Löngufit
 Uppgræðsla rofabarða austan í Sveifluhálsi með hrossataði
 Opið hús með næringu og samveru. Ætlað öryrkjum á Hátúnssvæði
 Reiðnámskeið fyrir fötluð börn og ungmenni
 Forvarnarverkefni, fræðsla og mæling blóðfitu, þrýstings o.fl.
 Velferðarstarf í Reykjavík og í Breiðholti
 Rustapokar með leiðbeiningum fyrir ferðamenn
 Eyðing kerfils samhliða nýtingu á ætíhvönn
 Uppgræðsla Hólasands með skógarplöntum, áburði og sáningu
 Sungið til sigurs - tónleikar á sjúkrahúsum og elliheimilum
 Björgum Björnslundi í Norðlingaholti
 Listahátíðin List án landamæra 2012
 Unglingafélagið Adrenalína. Félag um vináttu gegn rasisma
 Forvarnir, ráðgjöf, fræðsla og stuðningur
 Dagsferð þjónustuþega og starfsmanna MS setursins
 Girðing fyrir skógarreit félagsins í Hnausafit í Meðallandi

Náttúrustofa Vestfjarða
 Olweusáætlunin
 Ómar Ragnarsson
 Raggagarður
 Rangárbakkar - hestamiðstöð Suðurlands
 Saman hópurinn
 SÁÁ
 Síldarminjasafn Íslands
 Sjálfsbjörg á Suðurlandi
 Sjálfsbjörg félag fatlaðra
 Skógræktar og landverndarfélag undir Jökli
 Skógræktarfélag A-Skaftfellinga
 Skógræktarfélag Breiðdæla
 Skógræktarfélag Djúpavogs
 Skógræktarfélag Fáskrúðsfjarðar
 Skógræktarfélag Kjalarness
 Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
 Skógræktarfélag Reyðarfjarðar
 Skógræktarfélag Reykjavíkur
 Skógræktarfélag Reykjavíkur
 Skógræktarfélag Siglufjarðar
 Skógræktarfélag Skagastrandar
 Skógræktarfélag Suðurnesja
 Skógræktarfélag S-Þingeyinga
 Skógrækt ríkisins
 Slóðavinir - ferða og útivistarfélag
 Stefán Helgi Stefánsson
 Stokkseyringafélagið
 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
 Sumarbúðirinnar Ævintýraland
 Tölvumiðstöð fatlaðra
 UMFÍ
 Upprekstrar og landbúnaðarfélag Vopnafjarðar
 Útlífsmiðstöð skáta Útlífjótuvatni
 Vinir Þórsmorkur
 Vímlaus æska
 Þorgrímur Þráinsson
 Þórður Vilhelm Steindórsson

Menningarminjakort í Skálavík
 Eineltisáætlun fyrir grunnskóla og leikskóla
 Heimildarmyndin Sköpun jarðarinnar og ferðir til mars
 Áframhaldandi uppbygging Raggagarðs, fjölskyldugarður Vestfjarða
 Uppgræðslu- og útplöntunarátak á Gaddstaðafötum
 Forvarnir framhaldsskólanema Foreldrar ungmenna - 18 ára ábyrgð
 Forvarnarverkefni fyrir börn alkahólísta - uppbygging á vefsvæði
 Fegrun umhverfis og bætt aðgengi að safnhúsum
 Bætt aðkoma fyrir fatlaða í nokkrum þjóðskólum á Suðurlandi
 Félagsstarf Sjálfsbjargar í Krika við Elliðavatn
 Uppgræðsla lands á milli Rífs og Hellissands
 Haukafell - vatnssalernir fyrir fatlaða við tjaldstæði
 Opnun Tinnu og Staðarborgarskógar í Breiðdal
 Bæta aðgengi að Hálsaskógi
 Gerð göngustíga frá tjaldstæði í skógrækt ofan við bæinn
 Gróðursetning við útikennslustofu Klébergsskóla og leikskóla
 Aðstaða í Hamrahlíð
 Gróðursetning og áburðardreifing á ræktunarsvæði félagsins
 Grisjun í Vífilstaðahlíð
 Göngustígagerð í Esjuhlíðum
 Fegrun og lagfæring stíga í fólkvangi Fjallabyggðar
 Lagning göngustíga um skógrækt félagsins
 Gróðursetning í Klettaás, áur afnotasvæði Varnarliðsins
 Opnun Fosslakógar - upplýsingaskilti
 Skógurinn á Kirkjubæjarklaustri - viðhald stíga, grisjun og skrauttré
 Uppgræðsluverkefni vélhjólaklúbbs í Hekluskógum
 Elligleði, söngur með meðferðarúrræði fyrir minnisjúka
 Skrudgarður á Stokkseyri til minningar um Puriði formann
 Helgardvöl fatlaðra barna og ungmenna í Reykjadal
 Sumarbúðir fyrir börn
 Tjáning með hjálp spjaldtölva
 Fjölskyldan á fjalli - merkja upphafsstaði gönguleiða
 Landbætur á Vopnafjarðarheiði
 Umhverfisendurbætur, flotbryggja, varnargarður, tjaldstæðavegur
 Viðhald stíga í Þórsmörk og gerð brúar yfir Hrunaá í Goðalandi
 Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglíngi
 Mannrækt fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla 2012-2013
 Bítakaup vegna fjölfatlaðrar dóttur

Alls úthlutað 72.000.000 kr.



Hasselhoff og Bert and the He-man hunters sigruðu

Liðin Hasselhoff og Bert and the He-man hunters urðu Evrópumeistarar karla og kvenna í mýrabolta sem fór fram á Ísafirði um helgina. Skipuleggjendur mótsins telja að keppendur hafi verið hátt í 1200 manns og svipaður fjöldi hafi fylgt keppendum til Ísafjarðar. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda gekk mótshaldið vel fyrir sig. „Þetta var mjög vel heppnað og við erum afar sáttir með þetta,“ segir Jón Páll Hreinsson einn af skipuleggjendum mótsins.

Pamelurnar í liðinu Hasselhoff sigruðu Grýlurnar í víta-spyrnukeppni í kvennadeildinni. FC Drulluflottar urðu í þriðja sæti. Í karladeild voru það hinir fræknu Bert and the He-man hunters sem öttu kappi við Nefndina og hrepptu meistaratitilinn með einu marki gegn engu í æsisþennandi leik. Í þriðja sæti urðu Gemlingjarnir sem einnig hrepptu titilinn skemmtilegasta liðs.

Evrópumeistararnir voru svo krýndir á lokahófi sem haldið á Eimskipsvæðinu. Þar voru einnig veittar aðrar verðlaunaafhendingar. „Lokahófið var alveg svakalega vel heppnað og



það var alveg rosalegur fjöldi kominn saman á svæðinu. Við vorum með frábært starfsfólk sem tryggði öryggi fólks svo það gæti haft gaman en félagarnir í Herði stóðu vaktina og unnu frábært starf við gæsluna,“ segir Jón Páll.

Hinn eftirsótta titil, drullugasti leikmaðurinn hlaut Erlingur í liðinu Mínútumennirnir. Flottasta markið skoraði Bert í sigurliðinu í karladeild. Besti leikmaður kvenna var Anna

Marzellfusardóttir en besti leikmaðurinn í karladeild var sjöbrautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir sem einnig átti tilþrif mótsins að mati dómnefndar, þar sem hún tæklaði þrjá karlmenn á einu bretti og þar af voru tveir samherjar hennar.

Í drulluteygjunni urðu Salóme Ingólfsdóttir og Hjalti Einarsson meistarar. Meðfylgjandi myndir voru teknar á mótinu. – thelma@bb.is





Sælkerar vikunnar eru Ársæll Níelsson og Auður Birna Guðnadóttir á Suðureyri

Sunnudags-salsa

Það er nú ekkert alltof oft sem við hjónin nenum að standa í því að hafa stórsteik á sunnudögum. Þannig að þegar okkur er ekki boðið í hana hjá einhverjum öðrum þá endum við oftast á því að henda í þennan fljótlega og góða rétt. Það sem þarf að vera til á heimilinu er eftirfarandi: 2 pokar af Dorritos, 4 litlar krukkur af salsa (eða 2 stórar), 2 vænar kjúklingabringur, 1 dós af Cheddar Cheese dip, stór poki af gratín osti, kotasæla og gott sjónvarps-efni.

Fyrst skulu kjúklingabringurnar skornar niður í bita, stærð bitanna er smekksatriði. Síðan er smá matreiðslu olíu skvett á heita pönnu og bitarnir brúnaðir og bragðbættir með smá salti og pipar. Á meðan kjúklingurinn brúnast má taka annan Dorritos pokann og kremja hann létt til að minnka flögurnar, án þess þó að berja þær í duft. Flögunum er svo hellt ofan í meðalstórt eldfast mót og þeim drekkt í salsa, best að setja innihaldið úr um 2-3 krukum. Kjúklingnum er svo hellt yfir herlegheitinn og osta-

dýfunni bætt ofan á hann. Til að kóróna dæmið er dásæmdin hulin með gratín osti.

Þetta er svo bakað á ca 180° celsíus í um það bil hálfklukkustund, eða þar til osturinn hefur tekið á sig girnilegan lit.

Afganginn af snakkinu og salsanu er svo hægt að klára yfir sjónvarpinu um kvöldið.

Smyrjið þunnu lagi af kotasælu í eldfast mót og hellið innihaldi fjórðu salsakrukkunnar yfir, dekkið svo með gratín osti og bakið við 150° í um hálf tíma. Setjið videomynd í spilarann og



njótið vel.

Þetta er ávísun á prýðilegt kvöld og við hjónin getum verið sammála um það. Öllu erfiðara reynist okkur þó að koma okkur saman um hvaða sjónvarps-efni skal valið og því mælum við með að það sé gert tímanlega svo að dýfan kólni ekki of mikið.

Við skorum á skóthjúin og garðálfana í næsta húsi, Leif Blöndal og Petru Karvel, að segja okkur hvað þau hafa verið að grilla í sumar.



GÓMSÆTAR GRILLPIZZUR

Galdurinn við að grilla pizzu er að ná upp nógu miklum hita í grillið svo að osturinn bráðni. Það getur verið gott að baka pizzuna yfir óbeinum hita og að sjálfsgöðu nota ost sem bráðnar hratt eins og Gott í matinn pizzaostinn. Rjómaostur og fetaostur gera grillpizzurnar algjörlega ómótstæðilegar.

